

sýslusjóðs af skotlaunum, sem er 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimtir hjá ríkissjóði hluta hans af skotlaunum, sem eru 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl.

211
20. nóv.

5. gr.

Heimilt er svartbaksskyttu að skjóta svartbak, hvar og hvenær sem er, þó ekki nær friðlýstu eggverri eða selalögnum, en gildandi lög ákveða, nema hlutaðeigandi jarðarabúandi óski eftir því.

6. gr.

Hver sá, er hindrar svartbaksskyttu að verki eða reynir að varna því að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við samþykkt þessa, sæti sektum frá 10—100 kr.

7. gr.

Ef útrýming svartbaks með skotum, reynist í einhverjum hreppi árangurslítill, getur hreppsnefnd viðkomandi hrepps, eftir ósk varpeiganda, sótt til sýslunefndar um leyfi til þess að útrýma svartbak með eitri. Verði slík leyfi veitt, skal sýslunefnd ákveða leyfistímann og setja reglur um, af hverjum og á hvern hátt eitrunina skuli framkvæma.

8. gr.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari, skulu renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Með brot út af samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkti þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

212
24. nóv.

um breyting á reglugerð frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, greiða $\frac{1}{2}\%$ — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr., og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1939.

Ólafur Thors.

Vígfús Einarsson.